

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/475/EB frá 15. júní 2005 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/485/EB frá 22. júní 2005 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB og 2002/459/EB því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/515/EB frá 14. júlí 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/292/EB um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:
„– **32005 D 0485:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/485/EB frá 22. júní 2005 (Stjtið. ESB L 181, 13.7.2005, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 118. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB) í hluta 1.2:
„– **32005 D 0515:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/515/EB frá 14. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 187, 19.7.2005, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 86, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 176, 8.7.2005, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 181, 13.7.2005, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 187, 19.7.2005, bls. 29.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:

„– **32005 D 0475**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/475/EB frá 15. júní 2005 (Stjtið. ESB L 176, 8.7.2005, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2005/475/EB, 2005/485/EB og 2005/515/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.